

Nr. 698

21. júlí 2015

AUGLÝSING um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi innan þéttbýlisins á Flúðum, Torfdalur og Vesturbrún, Torfdalur 2.
Í breytingunni felst að iðnaðarlóðin Torfdalur 2 (Límtré Vírnet) stækkar úr 21.608 m² í 31.124 m² auk þess sem byggingarreitur stækkar þannig að hann verði 5 m frá lóðarmörkum. Nýtingarhlutfall lóðarinna breytist ekki en það er 0,5 og hámarkshæð verður áfram 12 m. Þar sem lóðin stækkar um 9.516 m² eykst hámarksbyggingarmagn lóðar um 4.758 m², úr 10.804 m² í 15.562 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2015.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. júlí 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2015